

**LÖG**  
**um breytingu á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja,**  
**nr. 65/2015 (stjórnvaldssektir).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Óheimilt er að breyta kílómetrastöðu akstursmælis skráningarskylds ökutækis.

2. gr.

Í stað „7. mgr.“ í 9. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: 8. mgr.

3. gr.

Í stað orðanna „laga þessara og starfrækir ökutækjaleigu eða einkaleigu án leyfis“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða 5. mgr. 6. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. febrúar 2020.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.*